

Tillaga að ályktun um Álftafjarðargöng

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið 18. og 19. október 2024 á Laugarhóli í Bjarnafirði ályktar að Álftafjarðargöng skuli vera næsta framkvæmd í gangamálum á Vestfjörðum. Það liggur fyrir að Álftafjarðargöng eru fyrsti kostur í jarðgangagerð á Vestfjörðum samkvæmt drögum að samgönguáætlun og því mikilvægt að halda því til streitu gagnvart stjórnvöldum að farið verði í þetta mikilvæga verkefni, óháð öðrum samgönguverkefnum á Vestfjörðum.

Flutningsmaður tillögu: Fyrir hönd Strandabyggðar, **Porgeir Pálsson**

Greinargerð:

Göng úr Skutulsfirði í Álftafjörð, leysa af hólmi stórhættulegan veg um Súðavíkurlíð, sem verið hefur farartálmi undanfarin ár og áratugi. Göngin hafa verið á áætlun í áratugi og ítrekað verði rædd í tengslum við þá augljósu slyshættu sem skapast þarna reglulega. Vegurinn um Súðavíkurlíð er mikilvæg lífæð atvinnulífsins á norðanverðum Vestfjörðum og hefur mikilvægi vegarins stóraukist á undanförunum árum í kjölfar uppbyggingar fiskeldis á svæðinu.

Greiðar samgöngur á norðanverðum Vestfjörðum hafa einnig veruleg áhrif á atvinnulíf og mannlíf á Ströndum, þar sem vegur um Steingrímsfjarðarheiði og jafnvel Þröskulda lokast gjarnan, ef Súðavíkurlíð er lokað.

Fjórðungsþing þarf að skera í geng með forgangsröðun ganga á Vestfjörðum, til að koma í veg fyrir enn frekari tafir á framkvæmdum í fjórðungnum. Það gengur ekki lengur að Fjórðungsþing álykti ekki með skýrum hætti um þessa forgangsröðun.